



## SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

*Atvinnu og ferðamálanefnd*

### Fundargerð atvinnu- og ferðamálanefndar

Miðvikudaginn 27. febrúar 2019, var fundur haldinn í atvinnu og ferðamálanefnd Skagastrandar kl. 17:00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Jón Ólafur Sigurjónsson, Birna Sveinsdóttir, Kristín Birna Guðmundsdóttir, Áslaug Ottósdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Jón Ólafur Sigurjónsson, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.


#### 1. Umsókn í uppbyggingarsjóði

Formaður fór yfir stöðu mála og næstu skref varðandi umsóknir um styrki í ýmsa uppbyggingarsjóði. Tilgangur er m.a. að styðja við atvinnuþróun, nýsköpun og uppbyggingu í ferðaþjónustu á svæðinu. Umræður urðu um málefnið og farið var yfir möguleika í tengslum við umsóknir og þau undirbúningskref sem þarf að stíga varðandi ferli og framkvæmd. Stjórn fól formanni að leggja drög að vinnuáætlun og verkefnum og boða til vinnufundar í kjölfarið.

#### 2. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17.40

  
Jón Ólafur Sigurjónsson,

  
Birna Sveinsdóttir,

Kristín Birna Guðmundsdóttir

Áslaug Ottósdóttir

  
Kristín Birna Guðmundsdóttir  
Alexandra Jóhannesdóttir